

363. fundur Skólanefndar FS

8. mars 2023



Mættir: Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Jökull Ingi Kjartansson áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðlaug María Lewis áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Varaformaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Niðurstöður úr Stofnun ársins.
 2. Hugmyndir ráðuneytis um fjölgun í starfsnámi og stækkun sem því fylgir.
 3. Breytingar varðandi töflugerð.
 4. Staðan varðandi FABLab smiðju.
 5. Önnur mál.

1. Niðurstöður úr Stofnun ársins.

Skólameistari kynnti niðurstöður úr könnun Sameykis á Stofnun ársins. Skólinn varð þar í efsta sæti í flokki stórra stofnana og hlýtur því titilinn Stofnun ársins. Nefndarfolk óskaði skólameistara og starfsfólki skólans til hamingju með árangurinn og tilnefninguna.

2. Hugmyndir ráðuneytis um fjölgun í starfsnámi og stækkun sem því fylgir.

Skólameistari sagði frá áætlunum ráðuneytis um fjölgun nemenda í verk- og starfsnámi. Einnig hefur verið gerð áætlun um stækkun aðstöðu verknámsskóla en þar er gert ráð fyrir að húsnæði hér verði stækkað á árunum 2023-2026. Árið 2023 verður þá hafist handa við undirbúning og hönnun húsnæðisins. Einnig rætt um möguleika varðandi stækkun húsnæðis og hvar væri hægt að byggja við skólann.

3. Breytingar varðandi töflugerð.

Skólameistari sagði frá breytingu sem verður gerð næsta haust en þá verður nemendum á 1. ári raðað í bekk. Þegar nemendur hefja nám á öðru námsári fara þeir síðan í hefðbundið áfangakerfi. Markmiðið er að efla félagstengsl nemenda, bæta utanumhald um nýnema og minnka brotthvarf. Þetta hefur verið reynt í Flensborg og gefist vel. Gerð verður tilraun með þetta fyrirkomulag næsta vetur og árangurinn verður svo metinn áður en framhaldið verður ákveðið.

4. Staðan varðandi FABLab smiðju.

Skólameistari sagði frá stöðunni varðandi FABLab smiðju. Fjármögnun gengur vel og er búið að fá nokkur viljrði um styrki og framlög. Verið er að skoða að leigja húsnæði félagsheimilis Aðventista undir starfsemina en það myndi einnig nýtast fyrir kennslu í skólanum.


5. Önnur mál.


- a) Verið er að undirbúa útboð á ræstingum en það verður auglýst á næstunni.
- b) Uppbrotsdagur var 21. mars og tókst mjög vel.
- c) Sýningin Mín framtíð verður í Laugardalshöll 16.-18. mars. Nokkrir nemendur skólans keppa þar í Íslandsmóti iðn- og verkgreina og skólinn kynnir starfsemi sína.
- d) Jökull Ingi fulltrúi NFS sagði frá starfsemi nemendafélagsins. Góðgerðavika stendur nú yfir en afraksturinn rennur til meðferðarheimilisins Stuðla. Lið skólans er komið í undanúrslit Morfis og mætir þar Flensborg á heimavelli.
- e) Spurt um kynningu á verknámi í sumar í tengslum við vinnuskóla sveitarfélaganna. Ekkert hefur heyrst um það frá sveitarfélögunum.
- f) Spurt um sálfræðiþjónustu fyrir nemendur skólans hjá HSS. Ekkert hefur breyst í því máli en stofnunin telur sig ekki hafa mannafla til að sinna þeirri þjónustu eins og er. Félagsráðgjafi hóf störf við skólann um áramót í hálfu starfi og hefur þjónusta hans verið vel nýtt. Vonast er til að félagsráðgjafinn geti vísað nemendum til sálfræðinga hjá HSS.
- g) Sýning Þjóðleikhússins Góðan daginn, faggi var sýnd á sal föstudaginn 24. febrúar. Eftir sýninguna voru umræður.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Helga María Finnbjörnsdóttir, varaformaður


Ásrún Helga Kristinsdóttir


Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir



Jökull Ingi Kjartansson


Kristján Asmundsson, skólameistari


Einar Jón Pálsson


Gunnar Valdimarsson


Guðlaug María Lewis


Guðmann Kristþórsson, fundarritari